



Annar fundur Epsilondeildar haldinn í leikskólanum Óskalandi í Hveragerði 18. október 2025 kl.10:30

Margrét formaður setti fundinn bauð systur og gesti velkomnar og kveikti á kertum, vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Eyðís Katla var með nafnakall og Ásgerður ritaði fundargerð.

Fundargerð síðast fundar lesin upp og samþykkt.

Margrét var með kynningu á félaginu fyrir gesti sem komu á fundinn fyrir tilstuðlan systra sem benda á þær sem væntanlega félaga. Margrét fór yfir sögu, markmið og stefnu félagsins. Þá kynnti hún lítilega þau verkefni sem kynnt hafa verið á fundum félagsins.

Harpa var með orð til umhugsunar og lagði út frá hugmyndafræði leikskólans, leiksins einkenni aðalnámskrár. Harpa sagði leikinn vera börnum nauðsynlegan til að efla félagslegan þroska auk þess að kenna þeim siði, venjur og reglur. Í leik geta þau styrkt félagsleg tengsl og samskipti. Börn læra í leik að nota skapandi hugsun og lausnir og læra þannig á efnivið og umhverfi sitt. Þau læra á eigin forsendum að gagnrýna og meta, fá að vinna á eigin hraða og fá tækifæri til að eiga ólíka upplifun af leiknum.

Margrét sagði fátt í fréttum af stjórnarstarfi en minnti á málþingið *Lykill að líðan barna og ungmenna*, sem haldið verður 30.október nk. í FSu um er að ræða spennandi dagskrá og Margrét minnir á að dreifa auglýsingunni vel um alla miðla.

Þá nefnir Margrét að Etadeild vilji koma í heimsókn til okkar í mars 2026 til að halda sameignlegan fund og taka systur vel í það.

Gunnvör leikskólastjóri í Óskalandi fór vel yfir sögu leikskólans frá því hún hóf störf þar og þær breytingar sem hafa orðið á starfinu, byggingum og leikskólamálum. Síðan fór hún yfir byggingasögu nýjasta hlutans sem verið er að taka í notkun núna í haust. Sagði að þau starfsfólk leikskólans hafi fengið að taka þátt í undirbúningi og hafa rödd allt byggingarferlið og hrósaði hún verktökum og Anna Leonínak hjá Marimo fyrir frábæra hönnun á húsi og lóð.

Önnur mál:

Sigga Guðna sagði frá því að Etasystur væru mjög spenntar að hitta okkur og langaði mikið að heyra af málþinginu og þær kæmu svo með efni á móti á fundinn.

Gurrý spurðist fyrir hvernig ráðstefnan væri fjármögnuð og svarið við því er að sótt er um styrki og sjálfböðavinna þeirra sem að ráðstefnunni koma.

Fundurinn í uppsveitum verður í safnaðarheimilinu við Hrunakirkju en við hittumst í Hrunakirkju kl.17.30

Happdrætti var á sínum stað og Bolette kom með vinning og Gunnvör hreppti vinningin með þeim orðum að hún ætlaði nú hreint ekki að fá vinningsmiðann í þetta sinn.

Gestum sem mættu á fundinn þeim Evu Hrönn og Kristjönu voru færðar rósir auk þeirra Gunnvarar og Hörpu sem sáu um undirbúning fundarins og Orð til umhugsunar.

Fundi var slitið og slökkt á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

Í lok fundarins sýndu stjórnendur skólans okkur leikskólann bæði eldri byggingar og nýtt húsnæði mátti sjá mjög falleg og notaleg rými með þarfir barna og starfsfólks í fyrirrúmi auk þess að lóðin var ævintýrlega vel útfærð.

Að loknum fundi var farið á Hótel Örk og borðað saman á veitingastaðnum HVER.